12
6. febr.

25. gr.

Ef menn brjóta samþykt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum tíma nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðar taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. apríl 1913.
Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 6. febrúar 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

13
12. febr.

Gjaldskrá

um vatnsskatt í Hafnarfirði.

1. gr.

Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsveitusvæðinu, er bæjarstjórn ákveður fyrir 1 ár í senn, sem virt eru til húsaskatts, skal greiða í vatnsskatt árlega $2^0/_{00}$ af virðingarverði þeirra, en af húsaskattsvirðingarverði annara húsa $1^0/_{00}$.

Auk þess greiðir húseigandi hver 75 aura fyrir hvern mann, er í húsi hans býr, og miðast gjald þetta við manntal, er fram fer árlega um áramót.

2. gr.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra þarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald $1^0/_{00}$ af virðingarverðinu; ennfremur greiði hver húseigandi, er vatnssalerni hefir, fyrir hvert þeirra 6 kr. árlega,

og 4 kr. fyrir hvern vatnshana utanhúss. Fyrir hvern stórgrip, sem er í bæn- **13**
um að vetrinum, greiðist 1 króna, og miðast gjald þetta við framtal um áramót. 12. febr.

3. gr.

Fyrir skip og báta, sem heima eiga í Hafnarfirði, eða eru gerð út þaðan til flutninga eða fiskiveiða, skal greiða 30 aur. gjald fyrir hverja smálest vatns úr vatnsveitunni, er þau taka annarstaðar en við hafskipabryggjuna, en öll önnur skip greiði 60 aura fyrir smálest hverja. Lágmark vatnsgjalds af síðargreindum skipum sje þó eigi lægra en 2 kr. í hvert sinn, sem vatn er tekið. Vatnsnefnd getur gert sjerstakan samning um vatnsgjald af skipum þessum, ef þau ganga hjeðan til fiskiveiða minst 6 vikna tíma á árinu. Fyrir öll skip og báta, hvort heldur þau eiga heima í Hafnarfirði eða annarstaðar, er vatn taka við hafskipabryggjuna, skal greiða 1 kr. í gjald fyrir smálest hverja.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. apríl og 1. október. Af aðkomuskipum ber þó að greiða gjaldið í hvert skifti og vatn er tekið.

5. gr.

Skrá um þá menn, er vatnsgjald eiga að greiða, semur vatnsnefnd fyrir 20. febr ár hvert, og skal hún liggja frammi bæjarbúum til athugunar til loka þess mánaðar.

6. gr.

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfjarðarkaupstað 31. desbr. 1910.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, til að öðlast gildi 15. febrúar 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 12. febrúar 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.